

Jafnframt því að tjá yður, herra sýslumaður, þetta til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að þjer með fyrsta pósti skýrið mjer frá, hvernig peningaástandið er nú í sýslunni, og framvegis getið peningaástandsins í missirisskýrslum yðar um ástand almennings.

1875

43
9da
júni.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 5. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Sökum bónarbrjefs þess, er sent var með þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 19. mars síðastl., og þar sem forstöðunefnd verzlunarfjelags, sem stofnað er í Húnavatnssýslu, beiðist leyfis til að mega á næsta sumri senda skip til verzlunar á Blönduós, skal til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að greint verzlunarfjlag, ef það hefur fasta verzlun á Íslandi, hefur rjett til að reka verzlun þá, sem getur um í opnu brjefi frá 19. maí 1854, en að það, ef öðruvisi er ástatt, ekki verði leyft því að sigla til verzlunar á aðrar hafnir en hina löggiltu verzlunarstaði, með því að slíkt mundi ekki geta samrýmzt við hina íslenzku verzlunarlöggjöf».

Þetta eruð þjer herra amtmaður beðnir að tjá hlutadeigöndum.

44
9da
júni.

Skýrsla frá amtmanninum yfir suðr- og vestur-umdæminu til landshöfðingja um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

45
14da
júni

Eptir að hafa meðtekið háttvirt brjef herra landshöfðingjans, dags. 7. f. m., gjörði jeg í brjefum til sýslumanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu og Árnes-sýslu, dags. s. d., þessar fyrirskipanir í tilefni af fjárkláðanum: a ð í öllum þeim sveitum þar sem fjeð eptir hinum síðustu skoðunum, sem þá höfðu fram farið, yrði álitid grunað, skyldi framvegis fjórtánda hvern dag framkvæma skoðun á öllum fjárhópum þeim, sem grunaðir væru; a ð eigendur slíkra kinda ekki mættu láta þær koma saman við annað fje eður hleypa þeim á afrjett, fyrri en að svo langur tími væri liðinn frá því, að þær hefðu verið baðaðar og kláðavottur síðast fundizt í þeim, að álita mætti þær allæknaðar; a ð í þeim sveitum, þar sem spurning gæti orðið um, að fje hefði strokið á afrjett, skyldi smala afrjettinn, áður en skoðað og baðað væri; a ð skoðanirnar skyldi vanda sem bezt mætti verða, og sjerstaklaga skyldi hafa gætur á því, í hvert sinn og skoðanir færur fram, að allt það fje, er taldist við hina síðustu skoðun, væri við, og telja skyldi kindurnar við hverja skoðun. Einnig lagði jeg svo fyrir, að dýralæknir Snorri Jónsson skyldi vera við skoðanirnar í Gullbringusýslu, og þar eð ástandið þar var ískyggilegast og framkvæmdirnar erfíðastar. sökum margra kringumstöða, mátti það álitast óeskilegt, að sýslumaður eður annar maður með embættisvaldi sýslumanns einnig væri við skoðanir þessar, til þess að sjá um framkvæmd þeirra, og gjöra með dýralækninum ráðstafanir þær, er nauðsynlegar þóttu; en með því sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sökum annara embættisverka, ekki tjáðist hafa tíma til þessa, þá skipaði jeg til þessa starfa landshöfðingjaritara Jón Jónsson, sem ásamt dýralækninum framkvæmdi skoðanirnar í Grindavíkurhreppi, Hafnahreppi, Rosmhvalaneshreppi og Vatnslaysustrandarhreppi frá 19. til 25. f. m.

Eptir skýrslu þeirri, er dýralæknirinn og hinn setti lögreglustjóri síðan hafa samið og sent amtinu, og sem dagsett er 31. f. m., fannst enginn kláði í Hafnahreppi, en þar á móti í hinum þrem tilgreindu hreppum í 244 kindum alls af 3247, sem skoðaðar voru. Ítarlegar fyrirskipanir hafa verið gjörðar um tvær baðanir og heimagæzlu á hinu sjúka og grunaða fje, hreppunum skipt í baðsveitir og baðstjórar skipaðir. Síðan hef jeg fundið ástöðu til að ítreka þá skipun í brjefi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags.